

## Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þorvaldur Þórðarson	Dagsetning:	20.03.2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	14:00 – 14:30
Þátttakendur:	Þorvaldur Þórðarson (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands).		

## Dagskrá

### 1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- Magnmæling lyfja í heilavef zebrafiska. Markmið tilraunarinnar er að mæla magn lyfja sem komast í gegn um blóð-heilaskilju (e. blood brain barrier) og inn í heila fiska. Til að framkvæma slíka tilraun er fiskur valinn af handahófi úr sínum heimatank og færður yfir í tank með lyfjalausn, þar sem hann syndir frjáls um í lyfjablönduðu vatni. Að því loknu er fiskurinn aflífaður með viðurkenndri aðferð og heili hans fjarlægður og notaður í frekari athuganir með mass-spec mælingum.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

### 2. Flugeldar og dýr.

Málinu frestað til haustsins.

### 3. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um velferð dýra.

Upplýst var á fundinum að Henry Alexander Henrysson hefði sent umsögn sem unnin var af nefndarmönnum milli funda í samráðsgátt stjórnvalda þann 7. mars sl.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 17. apríl 2024.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.